



## HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAÐIFÉLAG – HÍN

Brynjólfsgata 5, 107 Reykjavík

www.hin.is

25.5. 2016

*Fjárlaganefnd Alþingis*

*Skrifstofa Alþingis*

*105 Reykjavík*

**Efni:** Fjármálaáætlun 2017-2021 og staða Náttúruminjasafns Íslands.

Hið íslenska náttúrufræðifélag (HÍN) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum um aðstæður Náttúruminjasafns Íslands í ljósi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021. Beðist er velvirðingar á að umsögnin skuli ekki berast fyrr en nú, að loknum umsagnarfresti. Jafnframt er þó vonast til að fjárlaganefnd veiti henni athygli og taki hana til greina.

Náttúruminjasafn Íslands býr við óviðunandi aðstæður. Algjör óvissa hefur ríkt um aðstöðu safnsins til sýningahalds í árafjöld. Fjárframlög ríkisins til safnsins eru svo naum að þau gera því ómögulegt að annast skyldur sínar. HÍN ber hagsmuni Náttúruminjasafnsins mjög fyrir brjósti enda er félaginu málið skylt, safnið er afsprengi félagsins og var í eigu þess um langt skeið. Það veldur HÍN bæði undrun og vonbrigðum að í ofangreindri fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2017-2021 skuli hvergi vera vikið að Náttúruminjasafni Íslands né fjárþörf þess.

Í þessu sambandi er vert að minna á að þann 16. júní 1947 var undirritaður samningur milli HÍN og menntamálaráðuneytisins fyrir hönd ríkisins. Þá afhenti félagið ráðuneytinu Náttúrugripasafn sitt til eignar, gripi þess, bækur áhöld og skjöl, ásamt með álitlegum byggingarsjóði í trausti þess að byggt yrði yfir safnið og sýningar þess enda lágu teikningar og byggingaráform fyrir. Einnig skuldbatt ráðuneytið sig, fyrir hönd ríkisins, að sjá HÍN fyrir húsnæði í byggingu Náttúrugripasafnsins og ýmsum öðrum fríðindum. Nú hefur sú bygging sem allir töldu árið 1947 að rísa myndi á næstu misserum ekki risið. Síðari tíma áform um byggingu Náttúrugripasafns, og seinna Náttúruminjasafns, hafa einnig brugðist. Þetta fríar ríkið og menntamálaráðuneytið ekki undan því að standa við samninginn. Undan þeim skyldum getur ríkið og ráðuneytið ekki skorast nema með því að segja honum upp og skila til baka því, eða jafnvirði þess, sem það fékk í hendur þegar hann var undirritaður.

HÍN væntir þess að ríkisvaldið standi við orð sín og samninga og skorar á fjárveitinganefnd að leggja fram tillögur um fjárveitingar sem gera safninu kleift að sinna lögbundnum hlutverkum á sviði rannsókna, sýninga, fræðslu og upplýsingamiðlunar.

*Virðingarfyllst, Árni Hjartarson, formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags*